



Luxembourg, 30. september 2025

FRÉTTATILKYNNING 09/2025

Dómur í máli E-24/24 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

NORSK LÖG UM FJÁRMÁLASTOFNANIR Í BÁGA VIÐ EES-RÉTT

Með dómi sem kveðinn var upp í dag féllst EFTA-dómstóllinn á kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) í máli sem stofnunin höfðaði gegn Noregi. Með dómi sínum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvæði í norskum lögum um fjármálastofnanir, sem og beiting norskra stjórnvalda á þeim lögum, brytu gegn skyldum samkvæmt CRD IV¹ og Solvency II tilskipununum.²

Umdeilda ákvæðið í norskum lögum setti skilyrði fyrir tilkynningu og mati á fyrirhuguðum yfirtökum í fjármálastofnunum. Þessum skilyrðum var ætlað að meta hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fjárhagslegt heilbrigði yfirtökunnar. Þar að auki var til staðar stjórnsýsluvenja sem krafðist fyrirfram samþykkis innlendra yfirvalda fyrir yfirtöku á 25% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé í lánastofnunum og tryggingafélögum.

ESA hélt því fram að Noregur hefði ranglega innleitt CRD IV og Solvency II tilskipanirnar með því að bæta við skilyrðum umfram þau sem kveðið er á um í tilskipununum. ESA hélt því einnig fram að stjórnsýsluframkvæmd Noregs um fyrirfram samþykki fyrir yfirtökum umfram 25%, án þess að einstaklingsbundið hæfismat færi fram á grundvelli viðmiða tilskipananna, stangaðist á við bæði tilgreind mörk og tæmandi matsviðmið sem kveðið er á um í tilskipununum.

Að því er varðar hið umdeilda ákvæði í landslögum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að skilyrðin sem sett eru fram í tilskipununum væru tæmandi og heimiluðu ekki viðbótarskilyrði.

Hvað varðar stjórnsýsluframkvæmdina komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu hún samrýmdist ekki EES-rétti, en norsk stjórnvöld þurftu að að samþykkja fyrirfram yfirtökur umfram 25% og var gengið út frá því að slíkar yfirtökur væru óheimilar. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að Noregur hefði ekki sýnt fram á að synjanir væru eingöngu byggðar á tæmandi skilyrðum tilskipananna.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-24-24/.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbrérfafyrirtækjum, með breytingu tilskipunar 2019/878.

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþólsáætlun II).